




IS

# RAFHLÖÐUSKIPTI Í REAL 9000 PLUS 24V



# 1. Mikilvægar upplýsingar

Hafið eftirfarandi í huga þegar rafhlöður eru meðhöndlaðar:

- Ekki má láta skammhlaup verða í rafhlöðu.
- Gætið þess að rafhlaðan verði ekki fyrir miklu höggi.
- Rafhlöðum skal ávallt farga á endurvinnslustöð.

## Fyrsta hjálp

Í tilvikum þegar rafhlaðan er gölluð og meðhöndlun þess veldur beinni útsetningu fyrir innihaldi rafhlaðnanna, geymasýrunni (vökvasýru) skal grípa til eftirfarandi aðgerða:

Tilvik	Úrræði
Snerting við húð	Skolið með vatni. Þrífið með sápu og vatni. Farið úr og þvoið mengaðan fatnað.
Innöndun á gufum geymasýrunnar	Farið út og andið að ykkur fersku lofti. Hafið umsvifalaust samband við lækni!
Snerting við augu	Skolið með rennandi vatni í að minnsta kosti 15 mínútur. Hafið umsvifalaust samband við lækni!
Eftir inntöku	Drekkið umsvifalaust mikið magn af vatni, ekki kalla fram uppsölur. Hafið umsvifalaust samband við lækni!

## 2. Vörulisti

805288 Rafkerfi stjórnbox 24V RCB10+L

805320 Rafhlöðupakki 2,6Ah 24V f RCB10+L

## 3. Nauðsynleg verkfæri

- Torx-meitill (TX15)
- Hlífðargleraugu
- Það gæti orðið þörf fyrir flattöng eða sambærilegt


## 4. Leiðbeiningar um uppsetningu

### 4.1. Undirbúningur

- Fjarlægðu bakið í samræmi við notkunarleiðbeiningar
- Snúðu stólnum á hvolf þannig að hann hvíli á armbríkunum
- Losaðu stjórnboxið af samkvæmt leiðbeiningum um uppsetningu „Festing fyrir stýrikerfi 24V”

### 4.2. Að fjarlægja gamlar rafhlöður


- (A) Losaðu skrufurnar sem halda stjórnboxinu saman.
- (B) Opnaðu stjórnboxið og aftengdu plús- og mínus-tengin, þú gætir þurft að nota flattöng við þetta skref. Fjarlægðu gömlu rafhlöðurnar.



### 4.3. Settu í nýjar rafhlöður

! Neisti getur myndast við ræsingu, notaðu hlífðargleraugu.

Settu nýju rafhlöðurnar í stjórnboxið og tengdu plús- og mínus-tengin. Lokaðu stjórnboxinu á ný og skrúfaðu í skrufurnar sem halda því saman.



### 4.4. Lokauppsetning

- Settu stjórnboxið upp samkvæmt leiðbeiningum um uppsetningu „Festing fyrir stýrikerfi 24V”
- Snúðu stólnum í upprétta stöðu
- Settu bakið á í samræmi við notkunarleiðbeiningar